

BORGARRÁÐ 5. desember 2019: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leiðréttingu á kostnaði vegna veitinga á fundum borgarstjórnar - R19120075

Skv. upplýsingum Reykjavíkurborgar var meðalkostnaður við mat 360.223 á fund en síðan var það leiðrétt með fréttatilkynningu og fullyrt að meðalkostnaður við mat á borgarstjórnfundum kostaði 208.000 á fund. Jafnframt var tilkynnt að matarskamturinn væri 3.900. Miðað við þessar tölur virðast 53,3 manns í stað eins fjörutíu eins og fullyrt var í athugasemd aðstoðarmanns borgarstjóra á RÚV, vera á bak við þessa tölu. Virðist sem ósamræmi sé því enn þá í tölum borgarinnar. Nauðsynlegt er að einföldustu stærðir eins og verð á kvöldmat liggi fyrir hjá borginni. Borgarfulltrúar, fjölmiðlar og almenningur gera þá kröfu að þegar spurt er um kostnað að þá sé svarað með réttum hætti. Óskað er eftir skýringum á þessu misræmi.